

Lagt fyrir á fundi velferðarráðs 5. júní. 2019

Á fundi velferðarráðs þann 5. júní 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Vinstri grænna, Sósíalístaflokks Íslands og Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar velferðarráðs fela velferðarsviði að vinna tillögur með skóla- og frístundasviði, í þéttri samvinnu við Háskóla Íslands og Þroskahjálp, um nauðsynlegar úrbætur á þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Tillögur skulu byggja á niðurstöðum rannsóknar Háskóla Íslands og bestu þekkingu sem til staðar er. Sömu aðilum er einnig falið að vakta stöðuna, m.a. með tölulegum upplýsingum og upplýsa velferðarráð jafnóðum.

Greinargerð:

Fjöldi fólks með erlendan uppruna á Íslandi hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og samfara því hefur fjöldi fatlaðra barna aukist. Áætlað er að um allt að 30% greininga hjá Greininga og ráðgjafarstöð ríkisins séu vegna fötlunar barna af erlendum uppruna og því sannarlega vaxandi þörf á að fjalla sérstaklega um aðstæður fatlaðra barna af erlendum uppruna og foreldra þeirra á Íslandi. Nú þegar er rannsókn í gangi hjá Háskóla Íslands og nýlega var gerð rannsókn á velferðarsviði til að varpa ljósi á aðstæður fatlaðra barna af erlendum uppruna. Mikilvægt er að velferðarráð fái tillögur sem unnar eru á grundvelli þessara gagna og í samráði við hagsmunaðila.